

LÖG

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málslíður 13. gr. laganna, sbr. lög nr. 120/2008, orðast svo: Þó skal ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, taka gildi 1. apríl 2009.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðlaugur Þór Þórðarson.